

Kæri sjóðfélagi,

Við höfum mótttekið þitt fyrsta framlag til Stapa lífeyrissjóðs. Samkvæmt íslenskum lögum er skylda að greiða í lífeyrissjóð frá 16 ára aldri. Launþegi greiðir 4% af launum sínum í hverjum mánuði og launagreiðandi greiðir mótframlag, sem er oftast 11,5% af launum. Með greiðslum til sjóðsins ávinnur þú þér rétt til lífeyris og býrð í haginn fyrir efri árin.

Í þessu bréfi eru helstu upplýsingar um starfsemi sjóðsins sem við teljum mikilvægt að upplýsa þig um.



Góð langtímaávöxtun



Ábyrgar fjárfestingar



Samkeppnishæf íbúðalán



Hagkvæmur rekstur



Framsækið réttindakerfi



Sveigjanleg starfslok



Traustar áfallatryggingar



Skilvirk innheimta iðgjalda

Hvar sé ég upplýsingar um réttindi mín?

Réttindi þín hjá Stapa byggjast á greiðslum sem berast frá launagreiðanda. Þess vegna er mjög mikilvægt að fylgjast með að iðgjöld samkvæmt launaseðli skili sér til sjóðsins þannig að réttindi þín glatist ekki.

Tvisvar á ári gefur Stapi út yfirlit um greiðslur sem birt er á vef sjóðfélaga og í rafrænu pósthólfi á Ísland.is. Þar koma m.a. fram upplýsingar hvernig framlagið skiptist, framlag þitt og mótframlag launagreiðanda en einnig áætluð lífeyrisréttindi. Ef þú hefur athugasemdir eða heldur að iðgjöld hafi ekki skilað sér skaltu hafa samband við okkur.

Vefur sjóðfélaga er aðgengilegur frá **vef Stapa**. Mundu að skrá netfangið þitt í reitinn undir **Mínar upplýsingar**, þá færðu tilkynningar frá okkur.



stapi.is

An English translation can be accessed on the Fund's website,
<https://www.stapi.is/is/english/new-members>


Polski wersja dostępna jest na stronie domowej funduszu:
<https://www.stapi.is/is/polski/nowi-czlonkowie-funduszu>

Starfsemi Stapa lífeyrissjóðs

Hjá Stapa eru þrjár deildir, **Tryggingadeild**, **Séreignardeild** og **Tilgreind séreignardeild**.

Tryggingadeild

Réttindi sjóðfélaga eru tengd beint við ávöxtun sjóðsins með svokallaðri eignavísitölu. Í hverjum mánuði eru eignir sjóðsins metnar og réttindi uppfærð í samræmi við ávöxtun.



Eftirlaun	Þegar sjóðfélagi ákveður að hefja töku eftirlauna er réttindasjóðnum skipt í mánaðarlegar ævilangar greiðslur. Hægt að sækja um eftirlaun frá 60 ára aldri.
Örorkulífeyrir	Ef starfsorka skerðist um 50% eða meira og veldur tekjutapi er greiddur endurhæfingar- eða örorkulífeyrir.
Makalífeyrir	Greiðist til maka við andlát sjóðfélaga.
Barnalífeyrir	Er greiddur til barna látins sjóðfélaga og þeirra sem fá örorkulífeyri.

Séreignardeild

Þú hefur val um að greiða 2-4% af launum í séreign. Launagreiðandi leggur þá fram 2% framlag að auki sem **jafngildir hækkun launa**.

- Hægt að nota skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og tímabundið inn á lán
- Í boði eru þrjár ávöxtunarleiðir
- Laus til útborgunar frá 60 ára aldri
- Erfist við andlát sjóðfélaga

Það er einfalt að hefja séreignarsparnað. Á umsóknarvef Stapa er hægt að fylla út rafræna umsókn. Stapi sér um að senda upplýsingar áfram til launagreiðanda.

Tilgreind séreignardeild

Margir kjara- eða ráðningarsamningar heimila ráðstöfun allt að 3,5% af skylduiðgjaldi í tilgreinda séreign. Sá hluti kemur þá til lækkunar á ávinnslu hvað varðar réttindasjóð til eftirlauna og áfallatrygginga.

- Hægt að nýta til fyrstu íbúðarkaupa að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
- Laus til útborgunar frá 62 ára aldri
- Ein ávöxtunarleið
- Erfist við andlát sjóðfélaga

Sjóðfélagi sem kys þennan valkost þarf að fylla út tilkynningu á vef sjóðsins. Ef ekkert er aðhafst þá fer þessi hluti sjálfkrafa í Tryggingadeild.

Berðu saman kostnað

Það er mikilvægt að vanda valið þegar kemur að vörsluaðila séreignarsparnaðar. Lífeyrissjóðir, bankar og erlendra aðilar bjóða upp á margvíslegar fjárfestingarleiðir en kostnaður þeirra getur verið mismunandi.

Stapi innheimtir ekki kostnað af iðgjöldum þegar þau eru greidd til sjóðsins en árlegur rekstrarkostnaður er 0,2-0,5% eftir því hvaða ávöxtunarleið er valin.

Ef nýta á séreign inn á lán eða til íbúðarkaupa þarf að vera öruggt að vörsluaðilinn heimili slíkt.

Íbúðalán

Stapi veitir sjóðfélögum lán til íbúðakaupa eða endurfjármögnunar íbúðarlána. Upplýsingar um lánamöguleika eru á vefsíðu sjóðsins.

Fjárfestingar

Eignastýring Stapa mótast af fjárfestingarstefnu sjóðsins sem er ákvörðuð árlega af stjórn. Markmið sjóðsins er að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til ásættanlegrar áhættutöku á hverjum tíma. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu. Undir **Fjárfestingar** á **stapi.is** er hægt að nálgast upplýsingar um ávöxtun allra deilda og þær stefnur sem sjóðurinn hefur sett sér. Á vefnum finnur þú einnig allt um lífeyri undir **Sjóðfélagar**.

Pú getur haft áhrif!

Stapi lífeyrissjóður varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands árið 2007. Aðildarfélög sjóðsins eru: Afl starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Eining-löja, Byggið - Félag byggingamanna, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri, Framsýn, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Þingið og Samtök atvinnulífsins. Skrifstofur Stapa eru tvær, á Akureyri og í Neskaupstað.

Lífeyrissjóðir eru eftirlitsskyldir aðilar sem starfa skv. lögum nr. 129/1997 en fylgja auk þess ýmsum öðrum lögum, reglugerðum og leiðbeinandi viðmiðum. Starfsemi sjóðsins byggir auk þess á samþykktum sem er t.a.m. grunnur að réttindakerfinu og umgjörð um starfsemi sjóðsins. Breytingar á samþykktum þarf að gera á ársfundum.

Fulltrúaráð

Sérstakt fulltrúaráð fer með atkvæðisrétt á fundum. Aðildarfélögin kjósa fulltrúa í ráðið, sem er að jöfnu skipað fulltrúum launþega og atvinnurekenda. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í mótun stefnu sjóðsins skaltu ekki hika við að hafa samband við aðildarfélagið þitt.

Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur ef spurningar vakna eða frekari upplýsinga er óskað.

Með góðri kveðju,
Starfsfólk Stapa lífeyrissjóðs



Fylgstu með þínum upplýsingum

Á sjóðfélagavefnum, sem er aðgengilegur frá **stapi.is**, eru allar upplýsingar sem varða greiðslur launagreiðanda þíns til sjóðsins. Mjög mikilvægt er að þú skoðir hvort rétt upphæð hafi borist sjóðnum miðað við launaseðilinn þinn. Þar getur þú líka fundið upplýsingar um réttindi þín hjá sjóðnum.

Spurt og svarað

- Hvað er iðgjald?
- Hvað er skilgrein?
- Hvað er sjóðfélagavefur?
- Hvers vegna er skylda að greiða í lífeyrissjóð?
- Hvaða réttindi ávinn ég mér með greiðslum til sjóðsins?
- Hvað gerist ef iðgjaldi er ekki skilað?

Svör við þessum og fleiri spurningum má finna á síðunni **Spurt og svarað** á **stapi.is**